

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-64/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 14. ágúst 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina haldna galla og krefst þess að seljanda verði gert að endurgreiða sér 95.000 krónur vegna viðgerðarkostnaðar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 14. ágúst 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og sendi inn andsvör þann 11. september 2018. Andsvörin bárust nefndinni 13. desember 2018 og voru send álitsbeiðanda sama dag. Álitsbeiðandi sendi inn athugasemdir vegna andsvara seljanda þann 27. desember 2018. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 23. september 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 af gerðinni Ford Mondeo, árgerð 2015 af seljanda þann 27. júlí 2016 fyrir 3.671.000 krónur. Í júlí árið 2018, tveimur árum eftir kaupin og þegar bifreiðin var þriggja ára gömul, segir álitsbeiðandi hljóð hafa heyrst er stýri bifreiðarinnar var snúið. Í ljós kom að tveir boltar í stýrismaskínu hefðu brotnað vegna tæringar, en bifreiðinni hafði þá verið ekið 70.865 km. Að sögn álitsbeiðanda taldi seljandi eina viðgerðarmöguleikann að skipta alveg um stýrismaskínu samkvæmt ráðgjöf framleiðanda. Í kjölfarið fékk álitsbeiðandi tilboð í viðgerðina frá seljanda þar sem framleiðandi tók þátt í kostnaðinum. Álitsbeiðanda var gert að greiða 95.000 krónur fyrir viðgerðina, sem framkvæmd var þann 2. ágúst 2018. Framleiðandi greiddi allan vélbúnað við viðgerðina samkvæmt álitsbeiðanda en seljandi veitti álitsbeiðanda 20% afslátt af vinnunni.

Álitsbeiðandi kveðst hafa leitað upplýsinga og komist að því að um þekktan galla sé að ræða í umræddri tegund bifreiða sem framleiðandi hafi m.a. viðurkennt opinberlega í Bandaríkjunum. Álitsbeiðandi telur ekki sanngjarnt að honum sé gert að greiða þennan kostnað við viðgerð sem framleiðandi telji að verði að framkvæma, framleiðandi viðurkenni að um galla sé að ræða og að önnur viðgerð myndi rýra verðgildi bifreiðarinnar til muna. Álitsbeiðandi krefst þess fyrir nefndinni að hann fái viðgerðarkostnað að fjárhæð 95.000 endurgreiddan frá seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að bifreiðin hafi verið nýskráð sem bílaleigubifreið hjá seljanda þann 20. mars 2015 og verið afhent með tveggja ára ábyrgð sem lauk þann 19. mars 2017. Álitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina notaða af bílaleigu seljanda þegar bifreiðin var ekin 43.142 km. Bifreiðin hafði að sögn seljanda verið þjónustuð

samkvæmt ferlum framleiðanda fram að söluþegi en eftir það liggi ekki fyrir gögn um þjónustusögu bifreiðarinnar.

Við skoðun þann 16. júlí 2018 kom í ljós að boltar voru brotnir í stýrisvélinni, en boltarnir halda rafmagnsmótor sem veitir öikumanni hjálparátak til að létta snúningstak stýrisins. Til þess að lagfæra bilunina fullkomlega og þar sem um stýrisbúnað er að ræða mæla framleiðandi og seljandi með því að skipt sé um stýrisvélina. Heildarkostnaður við viðgerðina er tæplega 500.000 krónur að sögn seljanda. Seljandi segir að þegar litið sé til sögu bifreiðarinnar, að álitsbeiðandi hafi ekki sannað að um galla sé að ræða, aldurs bifreiðarinnar og að nýtt komi í stað notaðs, hafi seljandi hafa talið rétta niðurstöðu að álitsbeiðandi greiddi 20% heildar viðgerðarkostnaðarins eða sem nemur 95.000 krónum.

Seljandi segir að hann telji að upplýsingar frá Bandaríkjunum eigi ekki við í málinu þar sem um annað markaðssvæði er að ræða og ábyrgðarreglur þar séu með öðrum hætti en hér á landi.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í andsvörum sínum bendir álitsbeiðandi á að hann hafi skilað inn skjölum til seljanda vegna þjónustusögu og því sé það rangt sem fram komi í andsvörum seljanda. Í skjölunum hafi komið skýrt fram að bifreiðin hafi verið þjónustuð hjá viðurkenndum aðila. Álitsbeiðandi telur það þó vera málinu óviðkomandi þar sem boltar í bifreið séu íhlutir sem ekki eigi að eyðast við notkun hvort sem bifreiðin er þjónustuð almennt eða ekki. Ekki sé hægt að búast við því að boltar í bifreið brotni innan þriggja ára frá framleiðslu bifreiðarinnar enda sé það í hæsta máta óeðlileg ending á skrófu. Álitsbeiðandi tekur einnig fram að engin leið sé fyrir kaupanda að sýna fram á það hvort allir boltar og skrófur í bifreið séu heil eða ekki við kaup. Tæring í bolta er að sögn álitsbeiðanda framleiðslugalli og segir hann að þjónustustjóri seljanda hafi viðurkennt það í orði við sig. Þá hafi þjónustustjóri seljanda einnig sagt að nú væri búið að leysa þennan galla og því gæti álitsbeiðandi verið öruggur með það að næstu boltar sem skrófaðir væru í bifreiðina myndu ekki tærast og brotna á þremur árum.

Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi fullýrt að hann myndi aðeins taka þátt í viðgerðarkostnaði ef skipt yrði um stýrisvél í bifreiðinni. Þar með er ljóst að mati álitsbeiðanda að ef leitað hefði verið annarra leiða til viðgerða hefði það rýrt verðmæti bifreiðarinnar að mati seljanda, umboðsaðila framleiðanda hér á landi. Álitsbeiðandi segir einnig að neytendalöggjöf sé strangari í Bandaríkjunum en hér á landi en þar sé þessi viðgerð samt sem áður framkvæmd viðskiptavinum að kosnaðarlausu.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 af seljanda þann 27. júlí 2016. Um tveimur árum eftir kaupin, þegar bifreiðin var þriggja ára gömul, brotnuðu tveir boltar í stýrismaskínu bifreiðarinnar sem urðu til þess að skipta varð um stýrisvélina í heild. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 70.865 km. Álitsbeiðanda var gert að greiða 95.000 krónur fyrir viðgerðina, sem framkvæmd var þann 2. ágúst 2018 en að sögn seljanda var heildarkostnaður viðgerðarinnar um 500.000 krónur.

Kæruneftndin álitur að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við í málinu, en í ákvæðinu er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Sem fyrr segir kvartaði álitsbeiðandi undan galla við seljanda um tveimur árum eftir kaupin þegar bifreiðin var þriggja ára gömul. Íhlutum bifreiða er ætlaður mislangur endingartími, sumir íhlutir bifreiða slitna við notkun og þá þarf að endurnýja reglulega með eðlilegu viðhaldi. Ýmsir umhverfisþættir og almennt umhirda geta haft áhrif á endingu slíkra íhluta en kvörtunarfrestur vegna galla er í þeim tilfellum að hámarki tvö ár. Hins vegar er hægt að vænta þess að aðrir íhlutir endist mun lengur. Í þeim tilfellum er kvörtunarfrestur fimm ár í samræmi við framangreint ákvæði. Kærunefndin álitur að boltar í stýrisvél bifreiða séu almennt ekki slithlutir og tæringu þeirra sé ekki unnt að rekja til athafna álitsbeiðanda. Ætti endingin því að vera lengri en almennt gerist um söluhluti. Hefur álitsbeiðandi samkvæmt framangreindu borið fyrir sig mögulegan galla á bifreiðinni innan þess tímafrest sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. nkpl. Liggur því næst að meta hvort um galla sé að ræða í skilningi nkpl.

Í 15. gr. nkpl. er fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur á að hafa. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b-lið 2. mgr. segir svo að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. laganna kemur fram að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna

Kærunefndin álitur að endingin á boltum í stýrisvél bifreiðar álitsbeiðanda hafi verið skemmri en álitsbeiðandi mátti gera kröfu um við kaupin. Telur nefndin ekki eðlilegt undir venjulegum kringumstæðum að tæring verði í skrúfum og boltum sem ættu að þola meðal annars eðlilega notkun og veðurfar hér á landi. Kærunefndin telur sér ekki annað fært en að líta svo á að tæringu í boltunum verði að rekja til undirliggjandi galla í þeim sem leiðir til skemmri endingartíma en gera má kröfu um. Ekkert liggur fyrir í málinu sem gefur til kynna að álitsbeiðandi geti borið ábyrgð á tæringu í boltunum eða að þar hafi utanaðkomandi þættir haft áhrif. Að mati kærunefndarinnar var bifreiðin því haldin galla í skilningi b-liðar 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna við kaupin

Í samræmi við kröfu álitsbeiðanda álitur kærunefndin að seljanda hafi borið að bæta úr galla á bifreiðinni á eigin kostnað, sbr. 29. og 30. gr. nkpl. Seljanda ber því að endurgreiða álitsbeiðanda útlagðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 95.000 krónur.

VII

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, 95.000 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson